

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

- a. 22. tölul. orðast svo: Leyfi til arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, grafískra hönnuða, húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða), iðnfræðinga, landslagsarkitekta (landslagshönnuða), raffræðinga, skipulagsfræðinga, tæknifræðinga, tölvunarfræðinga og verkfræðinga.
- b. Á eftir 29. tölul. koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
  30. Löggilding vigtarmanna.
  31. Bráðabirgðalöggilding vigtarmanna.
  32. Löggilding rafverktaka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. mars 2007.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Árni M. Mathiesen.*